

Rio Tinto á Íslandi
Straumsvík Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Reykjavík, 15. október 2020
UST202010-135/S.I.
08.07.01

Efni: Framlenging starfsleyfis fyrir Rio Tinto á Íslandi hf.

Vísað er til erindis Rio Tinto á Íslandi hf. þann 13. október s.l. þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfinu sem gefið var út fyrir framleiðslu á allt að 460 þúsund tonnum af áli á ári í kerskálum fyrirtækisins, auk tengdra atriða.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Fullnægjandi starfsleyfisumsókn hefur borist fyrir álverið.


Gildistími hins framlengda starfsleyfis er til 1. nóvember 2020. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til **1. nóvember 2021**. Rekstraraðili bar nafnið Alcan á Íslandi hf. þegar starfsleyfið var gefið út.

Það skal tekið fram að vinna sem fellur á Umhverfisstofnun vegna þessarar framlengingar er skráð í verkþókhald á sama hátt og önnur vinna sem varðar auglýsingu og útgáfu á nýju starfsleyfi álversins og mun hún koma til viðbótar vegna uppgjors við útgáfu starfsleyfisins. Því fylgir þessari ákvörðun engin innheimta kostnaðar að svo stöddu.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
forstjóri



Sigurður Ingason
sérfræðingur